

Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna ökutækja

Gildissvið

1. gr.

Lögin gilda um ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun vélknúinna ökutækja, þ.e. bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla, snjósleða og annarra ökutækja sem eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum.

Vátryggingarskylda og skaðabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum tekur eingöngu til vinnuvéla sem notaðar eru í umferð á vegum.

Ráðherra skal setja reglur um vátryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ákveðinna tegunda ökutækja, svo sem torfærubifhjóla, fjórhjóla og sexhjóla, sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum og ekki eru ætluð til notkunar á vegum í almennri umferð. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá reglum laganna um grundvöll bótaábyrgðar og vátryggingu.

Ráðherra skal setja reglur um vátryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja í keppni í akstursíþróttum á vegi sem er lokaður annarri umferð eða á afmörkuðu svæði utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá reglum laganna um grundvöll bótaábyrgðar og vátryggingu.

Skilgreiningar

2. gr.

Vegur: Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki: Ökutæki bíúið aflvél til að knýja það áfram.

Ökutæki: Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Ökutækjatryggingar: Ábyrgðartrygging skv. 6. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 7. gr. laganna.

Grundvöllur ábyrgðar o.fl.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldri vinnuvél, sbr. 2. mgr. 1. gr., skal bæta það tjón sem hlýst af notkun hennar í umferð á vegum enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúið ökutæki dregur annað ökutæki.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð

fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

4. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau að tiltölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

5. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 3. og 4. gr. Sama gildir um eiganda (umráðamann) vélknúins ökutækis sem ekki er skráningarskyldur.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar skv. 1. og 2. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Ábyrgðartrygging ökutækis

6. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun vélknúins ökutækis, sbr. 1. gr., skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá:

- a. váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja,
- b. erlendu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

Öll váttryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi skulu vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 15. gr. og upplýsingamiðstöðvar skv. 16. gr. Ráðherra getur kveðið nánar á um slíka þátttöku í reglugerð.

Öll váttryggingafélög sem hyggjast taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi skulu auk þessa tilkynna það Umferðarstofu.

Ábyrgðartrygging ökutækja skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framferanda allt að 1.928 milljónum kr. og vegna tjóns á munum allt að 279 milljónum kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði. Ráðherra getur sett reglur um aðrar váttryggingarfjárhæðir í ábyrgðartryggingum vélknúinna ökutækja sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Ráðherra skal árlega, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, breyta váttryggingarfjárhæðum þessum í samræmi við verðlagsbreytingar.

Ráðherra getur sett reglur um að hve miklu leyti váttryggingin skuli bæta tjón, sem hlýst erlendis.

Slysatrygging ökumanns og eiganda

7. gr.

Auk ábyrgðartryggingar skv. 6. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækið í algeru heimildarleysi, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Vátryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 3. gr.

Slasist vátryggingartaki sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr vátryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 3. gr.

Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 145 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggingarfjárhæðin skal breytast í samræmi við reglu 5. mgr. 6. gr. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutækið. Um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

Vátryggingarskylda eiganda (umráðamanns)

8. gr.

Vátryggingarskylda skv. 6. og 7. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.

Eigi er skylt að kaupa vátryggingu vegna ökutækis í eigu ríkissjóðs.

Ráðherra getur undanþegið ökutæki, sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana, vátryggingarskyldu.

Nú er ökutæki ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. og ber þá ríkissjóður ábyrgð með sama hætti og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu skv. 6. og 7. gr.

Ráðherra getur sett reglur um greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru vátryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr., valda erlendis.

Lok vátryggingar

9. gr.

Falli vátrygging vegna skráðs vélknúins ökutækis úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi þeirrar vátryggingar skal vátryggingafélagið senda tilkynningu um það til Umferðarstofu þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins. Falli vátrygging úr gildi af annarri ástæðu en vanskilum skal félagið tilkynna það Umferðarstofu þegar eftir að vátryggingin er úr gildi fallin.

Jafnframt tilkynningu til Umferðarstofu skv. 1. mgr. skal félagið gera vátryggingartaka (eiganda eða varanlegum umráðamanni ökutækis) aðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar. Félagið skal ekki senda tilkynningu skv. 1. mgr. ef það hefur vitneskju um að

ökutækið hafi verið váttryggt hjá öðru félagi eða það hafi verið afskráð.

Tilkynning skv. 1. mgr. verður ekki gefin svo gilt sé, ef váttryggingin er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskilin stafa frá tíma áður en váttryggingin var færð yfir á hið nýja ökutæki.

Þegar Umferðarstofa fær tilkynningu skv. 1. mgr. 9. gr. og í ljós kemur að ökutækið hefur ekki verið afskráð og að ný fullnægjandi váttrygging er ekki fyrir hendi, skal lögreglustjóri þar sem eigandi (varanlegur umráðamaður) er skráður til heimilis hlutast til um að skráningarkerki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.

Réttarstaða tjónþola

10. gr.

Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt. Hafi váttryggingin fallið úr gildi áður en Umferðarstofa fær tilkynningu skv. 1. mgr. 9. gr. helst ábyrgð félagsins í fjórar vikur frá móttöku tilkynningarinnar.

Váttryggingariðgjald

11. gr.

Váttryggingariðgjald nýtur lögtaksréttar, einnig þótt váttryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Reglugerðarheimild

12. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd váttryggingarskyldunnar þar á meðal um skyldu váttryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja og um skyldu váttryggingafélaga til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða váttryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.

Tjón af völdum óþekktra eða óváttryggðra ökutækja

13. gr.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. skal sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Greiðist bætur fyrir líkamstjón skulu jafnframt greiðast bætur fyrir munatjón vegna sama tjónsatviks.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. skal sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun vélknúins ökutækis, sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir, eða váttrygging þess hefur verið felld niður af váttryggingafélaginu eða ekki haldið í gildi.

Skaðabætur skv. 1.-2. mgr. greiðast af Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. allt að váttryggingarfjárhæð, sem er ákveðin í lögum þessum.

Skaðabætur skv. 1.-2. mgr. greiðast ekki ef Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. sýnir fram á að tjónþoli, sem af fúsum vilja hefur tekið sér far í ökutæki sem tjón hlýst af, vissi að lögmælt ábyrgðartrygging var ekki fyrir hendi er tjónsatvikið gerðist. Sama á við um tjón á munum, sem fluttir eru með ökutæki, sem eigandi eða sendandi þeirra vissi að var óvátryggt. Skaðabætur eftir ákvæðum þessum skal ekki heldur greiða til að fullnægja endurkröfu frá þriðja manni.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. bætir ekki tjón er ætla má að sé af völdum vélknúins ökutækis sem undanþegið er vátryggingarskyldu og er í eigu ríkissjóðs Íslands, erlends ríkis eða alþjóðastofnunar.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. á endurkröfurétt samkvæmt almennum reglum íslensks réttar á hendur þeim sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum óvátryggðs ökutækis, þ.m.t. eiganda (umráðamanni) og ökumanni. Sama á við hafi félagið greitt bætur fyrir tjón af völdum óþekktis ökutækis, ef síðar upplýsist um það. Í því tilviki á félagið einnig endurkröfurétt á hendur vátryggjanda ökutækisins. Ákvæði þessarar málsgreinar haggja ekki reglum um kröfur samkvæmt öðrum endurkröfueimildum.

14. gr.

Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. er skylt að greiða skaðabætur sem ábyrgðaraðili vegna óvátryggðs erlends ökutækis, sem um stundarsakir er notað á Íslandi án þess að vera skráð hér á landi.

Tjónsuppgjörsmiðstöð

15. gr.

Ráðherra skal viðurkenna tjónsuppgjörsmiðstöð sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis, ef

- a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
- b. ökutækið er vátryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum, eða ef ökutækið er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á vátryggingafélagi því sem vátryggði ökutækið, og
- c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki, í Færeyjum eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsmiðstöð á enn fremur að geta greitt bætur vegna tjóns af völdum vélknúinna ökutækja sem vátryggð eru hér á landi, ef

- a. tjónþoli er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,
- b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, hið sama gildir ef ökutæki er staðsett í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur, og
- c. tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.

Ráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar. Hann getur enn fremur sett nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá vátryggingafélögum og tjónsuppgjörfulltrúum vátryggingafélaga skv. 11. tölul. 2. mgr 21. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

Upplýsingamiðstöð

16. gr.

Ráðherra skal viðurkenna upplýsingamiðstöð til að aðstoða við öflun grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls ef tjónþoli er búsettur hérlandis, ökutækið er váttryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að

- tjónþoli sé búsettur í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,
- ökutækið sé váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum,
- tjónið hafi orðið í EES- eða EFTA-ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um grænt kort.

Ráðherra getur sett nánari reglur um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar, þar á meðal hvaða upplýsingar falla undir 1. mgr., og um skyldu váttryggingafélaga og tjónsuppgjörfulltrúa skv. 3. mgr. 15. til að láta upplýsingamiðstöð skv. 1. mgr. og upplýsingaskrifstofum í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum eða Færeyjum í té upplýsingar.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur váttryggingafélags

17. gr.

Váttryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 6. gr.

Nú hefur váttryggingafélag greitt bætur skv. 6. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa váttryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags.

Endurkröfunefnd

18. gr.

Ráðherra skipar nefnd þriggja manna til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu váttryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 6. gr., einn eftir tilnefningu landssamtaka bifreiðaeigenda, og einn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Ef ágreiningur verður milli váttryggingafélaganna eða landssamtakanna um tilnefningu sker ráðherra úr. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Ráðherra setur reglur um starfsháttu nefndarinnar, þar á meðal um það hvernig váttryggingafélögin senda nefndinni þau gögn sem félögin hafa reist bótakröfur sínar á.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en váttryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað eftir reglum sem ráðherra setur.

Meðferð skaðabótamála

19. gr.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. höfð uppi í sakamáli, og skal þá tilkynna váttryggingafélagi því, er ábyrgðartryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama

rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellingisdómur bindandi fyrir váttryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

Um meðferð bótakröfu í einkamáli fer eftir 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Bætur hærri en váttryggingarfjárhæð

20. gr.

Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en váttryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt váttryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má váttryggingafélagið vítalaust greiða váttryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

Fyrning bótakrafna

21. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum, aðrar en kröfur um bætur fyrir líkamstjón, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Kröfur um bætur fyrir líkamstjón fyrnast á tíu árum frá tjónsatburði.

Viðurlög

22. gr.

Vanræki váttryggingarskyldur aðili að kaupa eða viðhalda lögmæltum váttryggingum samkvæmt lögum þessum skal hann sæta sektum sem renni í ríkissjóð. Sama gildir um þann sem notar eða ekur ökutæki sem hann veit eða má vita að er óváttryggt.

Reglugerðarheimild

23. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Gildistaka

24. gr.

Lög þessi öðlast 1. janúar 2011.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir hafa verið gefnar út.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

1. Inngangur.

Hinn 1. júlí 2008 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem falið var það verkefni að semja frumvarp til laga um ökutækjatryggingar sem kæmi í stað XIII. kafla gildandi umferðarlaga. Í nefndina voru skipuð þau Guðný Björnsdóttir hdl. sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Arnaldur Hjartarson hdl., samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, Helga Jónsdóttir hdl., samkvæmt tilnefningu Samtaka fjármálayrirtækja og Rúnar Guðmundsson hdl. sviðsstjóri, samkvæmt tilnefningu Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin leit á það sem meginverkefni sitt að færa reglur XIII. kafla umferðarlaga í sérstök lög og semja ný lagaákvæði sem af þeirri breytingu leiddi. Auk þess yfirfór nefndin efni gildandi lagareglna. Við þá yfirferð var m.a. hugað að nýrri löggjöf um váttryggingarsamninga, réttarfrankvæmd undanfarinna ára og ábendingum sem nefndinni bárust. Vegna tengsla við ákvæði umferðarlaga, bæði hvað varðar skilgreiningar, skráningu og skoðun ökutækja, var sameiginlegur fundur með nefnd þeirri sem samtímis vann að heildarendurskoðun umferðarlaga og tveir fulltrúar umferðarlaganefndar komu á fund nefndarinnar og í lokin var fundur með fulltrúum beggja nefndanna. Þá var sérstaklega fjallað um hvort í lögum um ökutækjatryggingar skuli vera reglur um atriði sem til þessa hafa eingöngu verið í reglugerð um ökutækjatryggingar.

2. Sögulegt ágríp

Fyrstu lagareglur um bætur fyrir tjón af notkun bifreiða voru lög nr. 21/1914 um notkun bifreiða. Lögfest var víðtæk („ströng“) bótaregla, sem tók til tjóns á hagsmunum utan bifreiðar og einnig tjóns á fólki eða varningi, er bifreið flutti, ef bifreið var til afnota fyrir almenning gegn borgun. Í reglunni fólst sú undantekning frá almennum reglum um sönnun, að sönnunarbyrði var lögð á þann, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þannig að hann varð bótaskyldur, ef honum tókst ekki að sanna, „að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæslu og varkárni“. Þrátt fyrir breytingar á bifreiðalögum héldust bótareglur laga nr. 21/1914 að stofni til óbreyttar allt til 1958. Sérstök regla um árekstur bifreiða var lögfest með bifreiðalögum nr. 23/1941.

Með umferðarlögum nr. 26/1958 var skaðabótareglum vegna tjóns af umferðarslysum og umferðaróhöppum breytt. Ábyrgð án sakar (hlutlæg bótaábyrgð) kom í stað sakarlíkindareglu. Gildissvið bótareglanna var einnig rýmkað og tóku þær til fleiri ökutækja en bifreiða og bifhjóla. Ennfremur var reglum um ábyrgðaraðila breytt, þannig að bótaábyrgð hvíldi á skráðum eða skráningarskyldum eiganda ökutækis, án tillits til þess hver hafði umráð tækisins. Umferðarlög frá 1958 voru felld úr gildi með umferðarlögum nr. 40/1968, er „hægri umferð“ var tekin upp hér á landi. Þá var ekki breytt bótareglum.

Umferðarlög nr. 50/1987 (UFL) öðluðust gildi 1. mars 1988. Þau lög fólu í sér nokkrar breytingar á skaðabótareglum. Helstu nýmæli voru tvö: (1) Gáleysi sem ekki er stórfellt, skerðir ekki bótarétt manns, sem slasast eða missir framfaranda. (2) Sama bótaregla (ábyrgð án sakar) gildir um tjón á mönnum eða munum, sem fluttir eru með ökutæki, hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki. Með lögum nr. 44/1993 var gerð sú breyting á 1. mgr. 90. gr. UFL. að varanlegur umráðamaður ökutækis getur borið ábyrgð á tjóni, sem skylt er að greiða eftir bótareglum laganna. Að öðru leyti standa skaðabótareglur UFL óbreyttar frá 1987.

Í tengslum við breytingar á skaðabótareglum 1987 var það nýmæli lögleitt með 92 gr. UFL, að skylt er að kaupa hjá váttryggingafélagi því, sem ábyrgðartryggir ökutæki sérstaka slysatryggingu ökumanns til viðbótar slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ákvæði

92. gr. UFL var breytt með lögum nr. 32/1998. Var orðalag ákvæðisins gert skýrara og jafnframt lögfest það nýmæli að hin sérstaka slysatrygging, sem áður tók aðeins til ökumanns, var einnig látin ná til váttryggingartaka, er slasast „sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum þess“.

Ábyrgðartrygging ökutækja var fyrst lögleidd árið 1926, sbr. lög nr. 34/1926 og lög nr. 56/1926 um notkun bifreiða. Lagaákvæði um ábyrgðartryggingu bifreiða eru nú í XIII. kafla UFL. sjá 91. gr. og 93. – 98. gr., sbr. og 99. gr., sem fjallar um fyrningu. Þá er í gildi reglugerð um ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, ber Íslandi að haga réttarreglum sínum eftir tilskipunum Evrópuhandalagsins (EB) um samræmingu á lögum aðildarríkjanna. Tilskipanir þessar eru nú fimm: Tilskipun 72/166/EBE frá 24. apríl 1972, tilskipun 84/5/EBE frá 30. desember 1983, tilskipun 90/232/EBE frá 14. maí 1990, tilskipun 2000/26/EB frá 16. maí 2000 og tilskipun 2005/14/EB frá 11. maí 2005. Almenn ganga þær undir heitunum fyrsta, önnur, þriðja, fjórða og fimmta tilskipun um ökutækjatrýggingar. Vegna fjórðu og fimmtu tilskipunar hafa orðið breytingar á umferðarlögum sbr. lög nr. 26/2003 og lög nr. 155/2007. Þá hafa þær einnig leitt til breytinga á reglugerðum um ökutækjatrýggingar.

3. Helstu breytingar

Margar greinar frumvarpsins eru samhljóða greinum XIII. kafla gildandi umferðarlaga. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru:

1. Sérstök lög skulu gilda um váttryggingar og ábyrgð vegna tjóna af völdum vélknúinna ökutækja í stað XIII. kafla gildandi umferðarlaga.
2. Gildissvið reglna um skaðabótaábyrgð og váttryggingarskyldu er rýmkað þannig að það nái til vinnuvéla sem notaðar eru í umferð á vegum.
3. Í frumvarpinu er tillaga um að í lögnum verði reglur um atriði sem áður voru eingöngu í reglugerð en rétt þótti að væru í lögum svo sem reglur um lok váttryggingar og tjón af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja. Ekki er þar um að ræða efnislegar breytingar frá gildandi rétti.
4. Rýmkun á fyrningarreglum. Í 21. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að ákvæði um fjögurra ára fyrningarfræst eigi ekki við um kröfur um bætur vegna líkamstjóns. Kröfur um bætur vegna líkamstjóns fyrnist á 10 árum frá tjónsatburði.

4. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Í gildandi umferðarlögum er á því byggt að ákvæði XIII. kafla laganna um fébætur og váttryggingu gildi hvað varðar notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laganna eru skráningarkyld ökutæki bifreiðir, bifhjól, torfærutæki og dáttarvélar. Þar eru ekki sérstaklega nefnd létt bifhjól en af ummælum í greinargerð má ráða að ekki hafi verið ætlunin að undanskilja þau váttryggingarskyldu. Í lokamálslið 1. mgr. 63. gr. er ráðherra veitt heimild til að fyrirskipa skráningu vinnuvéla en sú heimild hefur ekki verið nýtt. Í 2. mgr. 63. gr. er einnig kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega. Hefur sú heimild ekki verið nýtt.

Fyrir liggur nú frumvarp sem samið hefur verið af nefnd sem skipuð var af samgöngu-ráðherra um endurskoðun umferðarlaga. Í 70. gr. frumvarpsins er kveðið á um skráningarskyldu ökutækja. Í ákvæðinu felst sú grundvallarbreyting að ekki er þar upptalning á tegundum vélknúinna ökutækja sem er skráningarskyld. Þar segir hins vegar: „Áður en

vélknúíð ökutæki, sem ætlað er til notkunar á vegum í almennri umferð, á snjó eða hjarni er tekið í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmarki sett á það.“ Af þessu leiðir m.a. eins og fram kemur í athugasemdum í greinargerð með 70. gr. að bifhjól, fjórhjól og sexhjól, sem eingöngu eru ætluð til notkunar notuð utan almennrar umferðar verða ekki skráningarskyld. Ennfremur leiðir af þessu að vinnuvélar sem notaðar eru á vegum í almennri umferð, t.d. snjótroðarar, vegheflar og jarðýtur, verða skráningarskyldar.

Í þessu frumvarpi er lögð til rýmkun gildissviðs ákvæða um skaðabótaábyrgð og váttryggingarskyldu þannig að þau taki til vinnuvéla sem notaðar eru í umferð á vegum, sbr. 2. mgr. 1. gr. Þær vinnuvélar eru jafnframt skráningarskyldar þannig að saman fer skráningarskylda og váttryggingarskylda þeirra.

Það hefur frá upphafi verið afstaða nefndarinnar að ekki skuli fella niður váttryggingarskyldu ákveðinna ökutækja eins og lagt er til um skráningarskylduna. Hefði nefndin talið æskilegt að skráningarskyldan væri óbreytt þannig að fullt samræmi gæti verið milli skráningarskyldu og váttryggingarskyldu vélknúinna ökutækja svo sem verið hefur. Slíkt samræmi auðveldar allt eftirlit með því að váttryggingarskyldan sé virt.

Í frumvarpi þessu er lagt til í 1. mgr. að meginreglan verði að váttryggingarskyldan nái til vélknúinna ökutæki sem eru skráningarskyld og eru helstu tegundir þeirra taldar upp. Um skilgreiningu tegunda ökutækja er vísað til 2. gr. frumvarps umferðarlaganefndar. Í 2. mgr. er sérstaklega áréttað að ákvæði um skaðabótaábyrgð og váttryggingar eigi við um vinnuvélar sem notaðar eru í umferð á vegum.

Í 3. mgr er lagt til að ráðherra skuli setja reglur um váttryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ákveðinna tegunda ökutækja, svo sem torfærubifhjóla, fjórhjóla og sexhjóla, sem ekki verða skráningarskyld ef tillögur umferðarlaganefndar verða samþykktar. Í þeim reglum verði heimilt að víkja frá reglum laganna um grundvöll bótaábyrgðar og váttryggingu með hliðsjón af gerð og notkun ökutækis.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um váttryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja í keppni í akstursíþróttum á vegi sem er lokaður annarri umferð eða á afmörkuðu svæði utan vega. Ákvæðið felur ekki í sér breytingu á gildandi rétti sbr. 34. gr. gildandi umferðarlaga og reglugerð nr. 507/2007 um akstursíþróttir og aksturskeppni.

Um 2. gr.

Í greininni eru í stafrófsröð skilgreind nokkur hugtök. Hugtakið ökutækjatrýggingar í skilningi frumvarpsins eru ábyrgðartrygging skv. 6. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 7. gr. Skilgreining annarra hugtaka er samhljóða skilgreiningu sömu hugtaka í gildandi umferðarlögum. Í nýju frumvarpi til umferðarlaga er gert ráð fyrir óbreyttri skilgreining þessara hugtaka.

Um 3. gr.

Í 3. mgr. er áréttað að regla 3. gr. um hlutlæga ábyrgð gildi eingöngu um ábyrgð þess sem ber ábyrgð á skráningarskyldri vinnuvél sbr. 2. mgr. 1. gr. þegar tjón hlýst af notkun vinnuvélarinnar í umferð á vegum. Að öðru leyti er greinin er samhljóða 88. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 89. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er sérstaklega tekið fram að eigandi eða umráðamaður ökutækis sem ekki er skráningarskylt samkvæmt umferðarlögum beri ábyrgð sbr. athugasemdir með 1. gr. Greinin er að öðru leyti samhljóða 90. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Rétt þótti að taka sérstaklega fram að öll váttryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu skráningarskyldra vélknúinna ökutækja hér á landi skuli vera aðilar að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. (ABÍ). Slíkt ákvæði er nú í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008.

Tilgreindar váttryggingarfjárhæðir í 4. mgr. eru gildandi fjárhæðir samkvæmt auglýsingu nr. 829/2008 um breytingar á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga. Að öðru leyti er lagagreinin efnislega samhljóða 91. gr. gildandi umferðarlaga.

Um 7. gr.

Efni greinarinnar er í meginatriðum samhljóða 92. gr. gildandi umferðarlaga, sem mælir fyrir um slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Tilgreind váttryggingarfjárhæð í 4. mgr. er gildandi fjárhæð samkvæmt auglýsingu nr. 829/2008 um breytingar á váttryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrýgginga.

Tekið er fram í 4. mgr. i.f. að um ákvörðun bótafjárhæðar fari eftir I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993. Frá upphafi hefur verið litið svo á að um bætur úr slysatryggingunni fari eftir reglum skaðabótaréttar og hefur það jafnan verið tekið fram í váttryggingarskilmálum. Ákvæðið leiðir því ekki til breytinga að þessu leyti en eðlilegt þykir að regla um ákvörðun bótafjárhæðar komi beinlínis fram í ákvæði um um slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 93. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. og 10. gr.

Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um reglur um lok váttryggingar og réttarstöðu tjónþola sem ekki eru í XIII. kafla umferðarlaga. Ákvæði efnislega samhljóða 9. og 10. gr. frumvarps þessa eru nú í 12. og 13. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008 og leiða ákvæði 9. gr. og 10. gr. því ekki til efnislegra breytinga á gildandi rétti og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 94. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin veitir ráðherra heimild til að setja nánari reglur um váttryggingarskylduna. M.a. er sérstaklega er tekið fram að heimildin nái til að setja reglur um skyldu váttryggingafélags til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða váttryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða. Í 5. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar eru reglur um útgáfu slíkra vottorða. Skyldu til að gefa út tjónsvottorð má rekja til fimmtu tilskipunar um ökutækjatrýggingar (2005/14/EB) sbr. lög nr. 155/2007 um breytingu á umferðarlögum.

Um 13.

Í 13. og 14. gr. frumvarpsins eru reglur um tjón af völdum óþekktra eða óváttryggðra ökutækja. Slík ákvæði voru ekki í XIII. kafla umferðarlaga heldur eingöngu í reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 424/2008. Lagagreinarnar eru efnislega samhljóða þeim og leiða því ekki til breytinga eða þarfnast frekari skýringa.

Um 14. gr.

Sjá athugasemdir við 13. gr.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 94. gr. a gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 94. gr. b gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 95. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 96. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Lagt er til að í stað heitisins „opinbert mál“ komi „sakamál“ sem er í samræmi við breytingu sem varð með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ekki er í 19. gr. lagt til samsvarandi ákvæði og nú er í 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga. Samkvæmt því ákvæði skal þegar einkamál er höfðað gegn þeim sem bótaskyldur er einnig höfðað málið gegn váttryggingafélagi sem ábyrgðartryggt hefur ökutækið. Talið er að eftir gildistöku laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga sé ekki lengur þörf á slíku ákvæði. Í 44. gr. þeirra laga er kveðið á um stöðu tjónþola við ábyrgðartryggingu. Samkvæmt ákvæðinu getur tjónþoli nú krafist bóta úr ábyrgðartryggingu beint af váttryggingafélagi. Ef tjónþoli höfðar mál til heimtu kröfu sinnar getur félagið þó krafist þess að hann beini málshöfðun einnig gegn váttryggðum sem skaðabótaábyrgð ber. Lagt er því til að í 2. mgr. 19. gr. verði tilvísun til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 98. gr. gildandi umferðarlaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni er lögð til breyting á fyrningarreglum. Í 99. gr. gildandi umferðarlaga er mælt fyrir um tvenns konar fyrningarfresti. Annars vegar fjögurra ára frest og hins vegar 10 ára

frest. Um upphaf fyrningarfrests gilda tvær reglur. Fjögurra ára fresturinn byrjar að líða við „lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar“. Tíu ára fresturinn er hins vegar óháður mati á vitneskju kröfuhafa. Hann byrjar að líða þegar tjónsatburður verður. Í frumvarpinu er lagt er til að fjögurra ára fresturinn gildi ekki kröfur bætur vegna líkamstjóns. Um þær kröfur gildi alfarið tíu ára fyrningarfrestur sem byrji að líða þegar tjónsatburður verður. Tíu ára fyrningarfrestur framlengist ekki.

Rökin fyrir tillögu um breytingu á fyrningarreglum eru einkum eðli líkamstjónamála og óvissa hvað varðar mat á upphafi fjögurra ára fyrningarfrests í þeim málum. Undanfarið hefur fjölgað málum fyrir dómstólum þar sem deilt er um upphaf fjögurra ára frestsins. Ekki virðist hafa vera fullt samræmi í niðurstöðum dóma hvað þetta álitæfni varðar í einstökum málum. Má því telja að nokkur réttaróvissa hafi ríkt á þessu sviði sem er mjög óheppilegt. Með því að miða upphaf fyrningarfrests við tjónsatburð er þessarri óvissu eytt.

Þá þóttu breytingar sem urðu á almennum reglum um fyrningu skaðabótakrafna með lögum nr. 150/2007 styðja tillögu um breytingu. Í þeim lögum er gerður greinarmunur á fyrningarfresti skaðabótakröfu vegna líkamstjóns og annarra skaðabótakrafna. Er fyrningarfrestur krafna vegna líkamstjóns lengri en annarra bótakrafna og jafnframt er sá frestur lengri en hann var samkvæmt eldri fyrningarlögum.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að það skuli varða sektum ef váttryggingarskyldur aðili vanrækir að kaupa eða viðhalda lögmæltum váttryggingum. Sama gildi um þann sem notar eða ekur ökutæki sem hann veit eða má vita að er óváttryggt.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Lagt er til að lög um skaðabótaábyrgð vegna vélknúinna ökutækja og ökutækjategyggingar taki gildi samhliða nýjum umferðarlögum. Tillaga um gildistöku 1. janúar 2011 er því í samræmi við það sem lagt er til í frumvarpi til umferðarlaga.

Í 2. mgr. er tekið fram að reglugerðir sem settar hafa samkvæmt XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 haldi gildi sínu við gildistöku laganna, að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir hafa verið gefnar út.